



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Alþingi
nefndarsvið@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2018

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál
Vísað er til tölvupósts dags. 27. febrúar sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnt „SFV“) er gefinn kostur á umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202 mál.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Með frumvarpinu eru settar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur. Þá er mælt fyrir um eftirlit með innflutningi, dreifingu og sölu á rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur til að tryggja viðhlítandi öryggi varanna á markaði. Frumvarp um sama efni var áður lagt fram (431. mál á 146. löggjafarþingi) og hlaut það frumvarp eindregin stuðning SFV. Þetta frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi gengur að vissu leyti skemur enn það frumvarp. Samtökin telja hins vegar nauðsynlegt að regluverk sé sett um þessar vörur sem allra fyrst.

SFV fagna því framkomnu lagafrumvarpi og vonast til þess að frumvarpið hljóti jákvæða og skjóta afgreiðslu í þinginu. Samtökin leggja áherslu á að marktækar niðurstöður um skaðsemi eða skaðleysi rafsígarettanna munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir langan tíma og því er mikilvægt að almenningur og heilsa njóti vafans. Ákvæði frumvarpsins um aldurstakmark, auglýsingabann og takmarkanir á heimildum til neyslu og sýnileika taka mið af þessu sjónarmiði.

SFV vilja að endingu ítreka mikilvægi þess að hlustað sé á sjónarmið fagaðila innan heilbrigðisstéttarinnar (eins og Krabbameinsfélagsins) við vinnslu og meðferð lagafrumvarpsins. Þeirra umsagnir hljóta og eiga að veða mjög þungt í ákvarðanatöku um lýðheilsuátt eins og það sem hér er til meðferðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg H. Hauksdóttir lögfr.